

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 3. nóvember 2020.

**Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum á almennum hegningarlögum, nr. 19/2040 (umsáturseinelti). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 133 - 132. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum á almennum hegningarlögum, nr. 19/2040 (umsáturseinelti).

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar ofangreindu frumvarpi og er sammála markmiði frumvarpsins, það er að lögfesta þurfi sérstakt refsíákvæði um umsáturseinelti til tryggja enn frekar vernd þeirra sem verða fyrir umsáturseinelti, ekki síst kvenna og barna. Hið nýja ákvæði styður jafnframt við ákvæði stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands og mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi einkalífs heimilis og fjölskyldu. Refsíákvæði varðandi umsáturseinelti er í samræmi við markmið Istanbúl-samningsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi og góð viðbót við ákvæði um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Félagsráðgjafafélag Íslands tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu að ákvæðið geti lagt lóð á vogarskálarnar í því skyni að auka refsivernd kvenna og stuðla þannig að auknu jafnrétti kynjanna. Jafnframt að ákvæðið geti spornað við því að börn búi við alvarleg og langvarandi áhrif umsáturseineltis. Rétt er að hafa í huga að umsáturseinelti beinist að öllum kynjum sem mörg eru í viðkvæmri stöðu og er ákvæðið til þess fallið að bæta réttarstöðu þeirra.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að umsáturseinelti er þýðing á enska orðinu *stalking*, sem felur í sér að sitja um manneskju í óþökk hennar og valda þannig hræðslu eða kvíða. Umsátrið getur gengið svo langt að manneskja sem það beinist að upplifi ógn og skelfingu sem skerða lífsgæði hennar. Félagsráðgjafafélag Íslands vill beina því til stjórnvalda að á sama tíma og réttarstaða þeirra sem verða fyrir umsáturseinelti er tryggð þá verði þeim einnig tryggður aðgangur að ráðgjöf og stuðningi fagaðila, svo sem félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélaglegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Félagsráðgjafar búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er fimm ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára

grunnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður